



Akureyri

ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Alþingi

Erindi nr. *Þ 140/1816*

komudagur *18.4.2012*

Alþingi - Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Akureyri, 18. apríl 2012
2012030265 / 01-106-05

Efni: Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða (heildarlög), 657. mál og Frumvarp til laga um veiðigjöld (heildarlög), 658. mál.

Bæjarstjórn hefur á fundi sínum þann 17. apríl 2012 gert eftirfarandi bókun:

Bæjarráð vísaði á fundi sínum þann 12. apríl sl. 4. lið: Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða (heildarlög), 657. mál og 5. lið: Frumvarp til laga um veiðigjöld (heildarlög), 658. mál, til frekari umræðu í bæjarstjórn.

Lögð fram tillaga að bókun svohljóðandi:

Fyrir Alþingi liggja nú frumvörp til laga um stjórn fiskveiða og um veiðigjald. Því hefur ítrekað verið haldið fram að nái frumvörpin fram að ganga geti það haft mjög neikvæðar afleiðingar fyrir askomu útgerðarfyrirtækja og þar með stöðu einstakra sveitarfélaga og íbúa þeirra.

Mikilvægt er þess vegna að fara vandlega yfir áhrif frumvarpanna áður en þingmenn taka afstöðu til þeirra.

Bæjarstjórn Akureyrar leggur þunga áherslu á að Ríkisstjórn Íslands og Alþingi láti vinna hlutlausa úttekt á áhrifum frumvarpanna á rekstrarskilyrði útgerðarinnar í bráð og lengd og þar með atvinnu og byggð í landinu. Niðurstöður þessarar úttektar verði aðgengilegar þingi og þjóð áður en kemur að endanlegri ákvörðun í málinu.

Bæjarstjórn samþykkir framlagða bókun með 11 samhljóða atkvæðum.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,
fyrir hönd bæjarstjórnarinnar

Kolbrún

Kolbrún Magnúsdóttir
skjalavörður

